

**Ed. , 596. Frumvarp til laga [33. mál]**

um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd., 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 33 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að halda hálfsmánaðar námskeið í stærðfræði og íslenzku eða fleiri greinum að haustinu, áður en skóli hefst, fyrir þá, er ekki náðu tilskilinni lágmarks-einkunn í þessum greinum til að setjast í hærri bekk, en náðu þó tilskilinni lágmarksmeðaleinkunn, eins og ákveðið verður í reglugerð.

8. gr. hljóðar svo:

Við próf 1., 2., 3. og 4. stigs skal auk kennarans, sem prófar, vera einn prófdómari í hverri grein, nema í siglingafræði skulu vera tveir prófdómarar, og skipar ráðuneytið prófdómara að fengnum tillögum skólastjóra.

14. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Í skólanefnd eiga sæti 7 menn. Ráðuneytið skipar 5 skólanefndarmenn til 4 ára í senn: tvo samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, annan úr farmannastétt, hinn úr fiskimannastétt, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Formann skipar ráðuneytið án tilnefningar. Tvo skólanefndarmenn skipar ráðuneytið til eins úrs í senn samkvæmt tilnefningu nemenda skólans. Tilnefning fulltrúa nemenda skal fara fram eftir reglum, sem ráðuneytið setur.

Skólanefndin skal fylgjast með kennslutilhögun og námsefni og vera skólastjóra til aðstoðar í málefnum skólans almennt.